

Þriðjudaginn 15. apríl 1980.

Nr. 129/1977. **Sigurður M. Helgason skiptaráðandi f. h. dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar**  
(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

**Hreiðari Svavarssyni og  
Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta,  
skiptaráðanda f. h. dánarbús Margeirs  
Jóns Magnússonar**  
(Kristján Eiríksson hrl.).

Skipti. Ogildi samnings.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. ágúst 1977. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta, skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, verði dæmt að afhenda sér sparisjóðsbók nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík og sparisjóðsbók nr. 220366 við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að afhending sparisjóðsbókar nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík til stefnda Hreiðars Svavarssonar verði bundin því skilyrði, að samtímis verði „greidd víxilskuldbinding stefnda Hreiðars, kr. 650.000, auk lögleyfðra víxilvaxta af þeirri fjárhæð frá 20. mars 1970 til greiðsludags.“ Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hreiðar Svavarsson krefst staðfestingar hins áfrýjanda úrskurðar og að áfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda dánarbús Margeirs Jóns Magnússonar hefur ekki verið sótt þing.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

## I.

Með dómi Hæstaréttar 14. desember 1976 var hrundið kröfu stefnda Hreiðars Svavarssonar um, að hann yrði með beinni fúgetagerð settur inn í umráð tveggja sparisjóðsbóka og víxla, sem voru taldir í vörslum dánarbús Margeirs Jóns Magnússonar. Var dæmt, að fjalla ætti um málið í skiptarétti, þar sem dánarbú Margeirs Jóns væri til opinberrar skiptameðferðar.

Með bréfi lögmanns stefnda Hreiðars Svavarssonar 17. desember 1976 til Unnsteins Beck, þáverandi skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, er þess óskað, að skiptaráðandinn afhendi honum „sparisjóðsbækur þær, sem greinir í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. þ. m.“ Er skiptaráðandinn féllst ekki á það, var stofnað til máls þess, sem hér er til úrlausnar.

Úrlausn ágreinings þessa ber undir skiptarétt Reykjavíkur. Eins og hér stendur á, þykir hinn stefndi skiptaráðandi geta lagt úrskurð á málsefnið.

## II.

Samkvæmt gögnum, er við nýtur í máli þessu, varð sú niðurstaða á skiptafundi í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar 7. janúar 1975, að ekki væru efni til, að búið helgaði sér þau verðmæti, sem framangreind kröfugerð lýtur að. Þó var gerður fyrirvari um endurkröfurétt, ef síðar kæmu fram gögn, sem sýndu, að dánarbúið ætti rétt til verðmæta þessara.

Í hinum áfrýjaða úrskurði greinir frá því, að Guðmundur Jón Magnússon kom m. a. verðmætum þeim, sem deilt er um í máli þessu, í geymslu hjá Margeiri Jóni Magnússyni, sem gaf út sérstakar geymslukvittanir. Eru þær meðal gagna málsins. Á kvittunum þessum eru framsalsáritanir Guðmundar Jóns til stefnda Hreiðars Svavarssonar. Allmikill ágreiningur er í máli þessu um viðskipti þeirra Guðmundar Jóns og stefnda Hreiðars, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Eru þar reifaðir framburðir þeirra og nafngreinds hæstaréttarlögmanns, er að þessu vika, og vísast til þeirra í heild sinni.

Samkvæmt framburðum stefnda Hreiðars vildi Guðmundur Jón selja víxla og sparisjóðsbækur. Samdist með þeim, að Hreiðar keypti verðbréf, sem samtals voru að nafnverði tæpar 1.300.000 krónur, og greiddi með sýningarvíxli, sem Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður gaf út, en Hreiðar samþykkti, að fjárhæð 650.000 krónur. Hreiðar kveður gagngjaldið hafa verið eitthvað meira, en hefur ekki fengist til að gefa upp, hversu mikil umframgreiðsla hafi verið eða í hverju fölgín. Fram kemur af skjölum málsins, að samalögð innstæða í sparisjóðsbókum þeim, sem um ræðir, var 796.380 krónur. Þar af var 100.000 króna innstæða í bók við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi nr. 220366, bundin í 6 mánuði, en sú innstæða kom í stað innstæðu í Sparisjóði Alþýðu í sparisjóðsbók nr. 10061, sem upphaflega var í vörslu Margeirs Jóns og Guðmundur Jón framseldi Hreiðari Svavarsyni rétt til. Þá er einnig viðurkennt af Hreiðari, að framsöl hafi ekki verið rétt dagsett, heldur dagsett með ýmsum dagsetningum aftur í tímann. Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður, sem gaf út framangreindan 650.000 króna víxil fyrir Hreiðar, telur Hreiðar hafa sagt manninn „vilja losna við þessa pappíra“. Í sakadómi Reykjavíkur hinn 10. júlí 1970 kveðst Hreiðar Svavarsson hafa verið búinn að fá vitneskju um húsleitina hjá Margeiri Jóni Magnússyni, þegar verðbréfin voru framseld honum. Aðspurður um það, hvort rétt hafi verið um það milli hans og Guðmundar Jóns Magnússonar, að hann kæmi fram gagnvart skattayfirvöldum og dómstólum sem eigandi, segir hann „bara hafa verið rétt um, að hann kæmi fram sem eigandi, en ekkert sérstaklega um þessi atriði“. Athygli Hreiðars var í sama þinghaldi vakín á, „að Guðmundur hafi borið í sakadómi, að hann hafi verið óttasleginn vegna húsleitarinnar og því hafi hann gert samkomulagið við kærða um, að hann tæki að sér upp á helming að koma fram gagnvart hinu opinbera sem eigandi“. Kvað hann það rangt. Aðspurður um, hvort Hreiðari hafi ekki þótt tortryggilegt, að maðurinn vildi selja sparisjóðsbækur, segir Hreiðar svo ekki vera, þar sem hann hafi „fengið svo gott verð fyrir“. Á sama dómþingi í sakadómi Reykja-

víkur skýrði Hreiðar frá því, að hann hefði sagt Brandi Brynjólfssyni, að hann teldi fyrirhuguð viðskipti við Guðmund Jón sér hagstæð.

### III.

Af hálfu áfrýjanda er aðalkrafa hans studd þeim rökum, að samningur þeirra Guðmundar Jóns Magnússonar og stefnda Hreiðars, er að framan er lýst, hafi verið ógildur.

Samkvæmt framanrituðu verður að leggja til grundvallar, að stefnda Hreiðari hafi verið ljóst, að viðsemjandi hans, Guðmundur Jón Magnússon, taldi sig eiga í vandræðum, sennilega gagnvart skattayfirvöldum, og að hann hefði verið þeirrar skoðunar, að sér væri ófært að hagnýta sér tilteknar eignir sínar sjálfum og að hann yrði að losa sig við þær. Samkvæmt gögnum málsins voru þær nærfellt tvisvar sinnum hærri að nafnverði en endurgjaldi því nam, sem stefndi Hreiðar skyldi inna af hendi með víxli, er greinir í málinu. Að svo vöxnu verður að telja, svo sem kröfugerð áfrýjanda horfir við, að skv. 32. gr. laga nr. 7/1936 geti stefndi Hreiðar ekki borið fyrir sig samning þann, er hér er um fjallað, og fengið afhentar sparisjóðsbækur þær, er málið snýst um.

Með vísan til framanritaðs viðhorfs skiptafundar í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar ber að dæma skiptaráðandanum í því skylt að afhenda skiptaráðandanum í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar sparisjóðsbók nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík. Samkvæmt framanrituðu gegnir sama máli um sparisjóðsbók nr. 220366 við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

### D ó m s o r ð:

Stefnda, Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta, skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, ber f. h. dánarbúsins að afhenda áfrýjanda, Sigurði M. Helgasyni, skiptaráðanda í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar f. h. dánarbúsins, sparisjóðsbók nr. 48094 við Útvegs-

banka Íslands í Reykjavík og sparisjóðsbók nr. 220366 við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. maí 1977.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 28. apríl sl., gerir Hreiðar Svavarsson, Bókhöfundastíg 6 B, þær réttarkröfur, að sér verði afhentar úr dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar sparisjóðsbækur nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands og nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands, útibúið í Kópavogi, og að sér verði greiddur málskostnaður úr sjóði dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar.

Meðalgönguaðilinn, skiptaráðandinn í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar, mótmælir afhendingu sparisjóðsbókanna til Hreiðars Svavarssonar og krefst afhendingar þeirra til sín til ákvörðunar um, hvernig með skuli fara, og úthlutunar. Einnig krefst hann málskostnaðar.

Hann gerir og þá varakröfu, að ef umræddar sparisjóðsbækur verði afhentar Hreiðari Svavarssyni, verði sú afhending bundin því skilyrði, að Hreiðar Svavarsson greiði til dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar víxil, útgefinn þann 2. mars 1970 af Brandi Brynjólfssyni, en samþykktan af Hreiðari Svavarssyni, að fjárhæð kr. 650.000.

Tildrög máls þessa eru þau, að 12. mars 1970 ritaði Hreiðar Svavarsson Margeiri Jóni Magnússyni, Miðstræti 3, bréf og krafði hann afhendingar tveggja sparisjóðsbóka og 8 víxla. Með bréfi sínu sendi hann ljósrit geymslukvittana, sem Margeir Jón hafði gefið Guðmundi Jóni Magnússyni vélstjóra, Grenimel 22, fyrir móttöku greindra verðmæta, en sem Guðmundur Jón hafði aftur framselt Hreiðari með áritun á geymslukvittanir. Voru þetta kvittanir fyrir móttöku sparisjóðsbókar nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands og sparisjóðsbókar nr. 10061 við Sparisjóð Alþýðu. Nánari tilgreining á kvittunum fyrir móttöku víxlanna er óþörf, þar eð ekki er í máli þessu fjallað um þá.

Þann 16. apríl sama ár ritaði Hreiðar Svavarsson bréf til yfirsakadómarans í Reykjavík og tjáði sig vita, að umræddar sparisjóðsbækur og víxlar væru í vörslum sakadóms, og krafðist afhendingar á þeim fyrir 21. þess mánaðar.

Með bréfi til borgarfégetaembættisins í Reykjavík, dagsettu 5.

maí 1970, fór Hreiðar Svavarsson þess á leit, að sparisjóðsbækurnar tvær og víxlarnir yrðu fengnir sér með innsetningargerð. Gerðarþolin, Margeir J. Magnússon, krafðist þess, að synjað yrði um gerðina, tjáði sig fúsan að afhenda Guðmundi Jóni Magnússyni umrædd verðmæti. Inn í innsetningarmál þetta gekk sem meðalgönguaðili Guðmundur Jón Magnússon. Hann gerði þær dómkröfur, að innsetningarmálinu yrði frestað, þar til lokið yrði sakadómsrannsókn þeirri, er hann hafði stofnað til á hendur gerðarbeiðanda. Guðmundur Jón Magnússon hafði með bréfi til sakadóms, dags. 30. júní 1970, kært Hreiðar Svavarsson fyrir brot á 253. gr. alm. hegningarlaga gagnvart sér. Hélt hann því fast fram í kæru sinni og greinargerð, að hann væri réttur eigandi umræddra sparisjóðsbóka og víxla.

Borgarfógeti kvað upp úrskurð 12. ágúst 1970 og tók til greina varakröfu Guðmundar Jóns Magnússonar um frestun innsetningarmálsins.

Margeir Jón Magnússon andaðist í júní 1973, og er bú hans í opinberum skiptum hjá skiptaráðandanum Unnsteini Beck. Guðmundur Jón Magnússon andaðist 6. júlí 1973, og er bú hans í opinberum skiptum og skiptaráðandi þess bús Sigurður M. Helgason.

Jón A. Ólafsson sakadómari ritaði Unnsteini Beck skiptaráðanda bréf, dags. 16. apríl 1974, og skýrði frá því, að saksóknari hefði ritað sakadómi bréf 5. apríl 1974 og kæmi þar fram, að ekki væri af ákærvaldsins hálfu krafist frekari aðgerða í tilefni kæru Guðmundar J. Magnússonar á hendur Hreiðari Svavarssyni. Enn fremur greini frá því í bréfi saksóknara, að þar eð dánarbú Margeirs J. Magnússonar og Guðmundar Jóns Magnússonar séu í skiptum í skiptarétti Reykjavíkur, þyki rétt, að skjöl þau og fjárverðmæti, sem frá þeim stafi, verði afhent skiptarétti Reykjavíkur eða í samráði við skiptaréttinn. Með bréfi þessu sendi sakadómariinn Unnsteini Beck skiptaráðanda allmörg verðbréf, sem tekin höfðu verið frá Margeiri J. Magnússyni á sínum tíma. Á meðal þessara verðbréfa voru bankabækur þær, sem hér er nú deilt um.

Skiptafundur var haldinn í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar 7. jan. 1975. Var þar ákveðið, en með vissum fyrirvara, að ekki væri efni til að helga dánarbúinu þau verðmæti, sem skiptaráðanda var skilað frá sakadómi.

Var síðan þann 28. apríl 1975 innsetningarmálinu fram haldið, og gerði skiptaráðandinn í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar

þær einar dómkröfur, að málareksturinn yrði búinu að kostnaðarlausu, og mótmælti því ekki hinni umbeðnu innsetningargerð. Skiptaráðandinn í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar gekk inn í málið í stað Guðmundar Jóns. Úrskurður í innsetningarmálinu var upp kveðinn 13. júní 1975, og var kröfum skiptaráðandans í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar hafnað, en þær voru hinar sömu, sem Guðmundur Jón hafði sjálfur gert. Þeim úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi, uppkveðnum 14. des. 1975, synjaði Hæstiréttur um framgang innsetningargerðarinnar, og segir svo í dóminum m. a.: „Skjöl þessi eru í vörslum Unnsteins Beck skiptaráðanda vegna dánarbús Margeirs J. Magnússonar, sem hann hefur til opinberra skipta. Eins og komið er, ber því að beina kröfum um afhendingu skjalanna til skiptaráðandans og fá um þær úrskurð í skiptarétti Reykjavíkur.“

20. des. 1976 mættu svo aðiljar máls þessa á skiptafundi í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar og settu fram kröfur sínar, eins og í upphafi úrskurðar þessa greinir.

Um málavöxtu hefur Hreiðar Svavarsson í réttarhaldi í saka-dómi Reykjavíkur skýrt svo frá, að þeir Guðmundur Jón Magnússon hafi að frumkvæði Guðmundar mælt sér mót á skrifstofu Brands Brynjólfssonar lögfræðings að Baldursgötu 12. Hafi til-efnið verið það, að Guðmundur Jón Magnússon hafi viljað selja sér víxla og sparisjóðsbækur, sem hann hafi átt. Hafi verðbréf þessi verið í vörslum Margeirs Jóns Magnússonar, en rannsóknar-lögreglan hafi lagt hald á þau í tilefni af kærðu á hendur Margeiri fyrir meinta okurstarfsemi. Þegar þeir komu til Brands, segir Hreiðar Brand hafa verið upptekinn og hafi þeir Hreiðar og Guðmundur Jón farið fram í eldhús og gengið frá viðskiptum sínum þar. Hafi Guðmundur lesið Hreiðari fyrir og Hreiðar ritað eftir honum framsal á geymslukvittanir, sem Margeir hafði gefið Guðmundi fyrir móttöku verðbréfanna. Síðan hafi Guðmundur Jón Magnússon undirritað framsölin eigin hendi og afhent Hreiðari hinar framseldu kvittanir. Framsölin segir Hreiðar hafa verið dagsett aftur í tímann að fyrirsögn Guðmundar Jóns. Síðan segir Hreiðar, að gengið hafi verið frá víxli, sem skyldi vera gagngjald hans. Hafi Brandur Brynjólfssonar komið fram í eldhúsið og skrifað upp á víxilinn fyrir sig. Önnur afskipti segir hann Brand ekki hafa haft af málinu. Hreiðar segir verðbréfin hafa verið samanlagt að nafnverði tæpar 1.300.000 kr. Víxillinn, sem Hreiðar samþykkti þarna, var að upphæð kr. 650.000 og skyldi greiddast við sýningu. Hreiðar kveður gagngjald sitt hafa verið meira en

nam ofangreindum víxli, en hefur ekki viljað svara til um, hve miklu meira eða hvert það hafi verið.

Guðmundur Jón Magnússon kom fyrir sakadóm 30. apríl 1970, og skýrði hann frá málavöxtum á eftirfarandi hátt:

Hann kvað Margeir hafa komið að máli við sig, skömmu eftir að húsleit fór fram hjá honum, og tjáð sér, að rannsóknarlögreglan hefði lagt hald á tvær sparisjóðsbækur, víxla og tryggingarbréf, sem Guðmundur Jón hafi átt í vörslu Margeirs. Margeir hafi sagt Brand Brynjólfsson, lögfræðing sinn, hafa mann á sínum snærum, sem væri fús til að „taka þetta á sig upp á helming“, þ. e. koma fram sem eigandi gegn greiðslu. Guðmundur Jón kvað sér hafa þótt þetta of mikið og sagst ætla að taka þetta á sig sjálfur. Margeir, sem hafi nafngreint manninn sem Hreiðar, hafi þá sagt Guðmundi Jóni, að hann skyldi bara taka þetta á sig sjálfur, þetta væri ekki svo mikið, þar sem hér væri fyrst og fremst um að ræða sparisjóðsinneign og Guðmundur Jón hafi gefið upp til skatts peningaeign sem verðbréfunum nam. Guðmundur Jón sagði, að sér hefði orðið mikið um þetta og hafi hann reynt að ná aftur sambandi við Margeir, en án árangurs. Hann kvaðst þá hafa hringt í Brand og spurt um Margeir. Brandur hafi þá neitað að vísa á Margeir í síma. Guðmundur Jón kvaðst þá hafa viljað hitta Brand sjálfan og hafi þeim samist svo um, að hann kæmi á skrifstofu Brands á Baldursgötu 12. Þar sagði Guðmundur Jón Brand hafa miklað mjög fyrir sér vandræði sín og hafi hann sagt, að skatturinn tæki mjög hart á öllu slíku. Hafi Brandur sagst hafa mann á sínum snærum, sem væri fús að „taka þetta á sig upp á helming“, og væri þess manns von á hverri stundu. Skömmu síðar hafi sá maður komið og reynst vera Hreiðar Svavarsson. Guðmundur Jón kvaðst hafa verið mjög illa fyrir kallaður og hafi hann fallist á tillögu Brands. Hann hafi haft á sér geymslukvittanir frá Margeiri fyrir öllum verðmætunum, sem hann hafi átt í vörslum Margeirs, nema eina kvittun, en Hreiðar hafi útbúið framsal á þeirri kvittun og auk þess hafi Guðmundur Jón framselt Hreiðari allar kvittanir, sem hann hafi haft meðferðir. Hafi Hreiðar sett á framsölin mismunandi dagsetningar. Guðmundur Jón kvað Brand hafa lesið Hreiðari fyrir framsölin, en Hreiðar ritað þau niður og Guðmundur Jón undirritað.

Kvað Guðmundur Jón ætlunina hjá þeim hafa verið, að svo líti út sem hann hefði verið milligöngumaður milli Hreiðars og Margeirs, en Hreiðar hinn raunverulegi eigandi.

Guðmundur Jón sagðist þarna hafa framselt verðmæti til

Hreiðars að upphæð nálægt 1.300.000 kr. Í staðinn hafi hann fengið víxil að upphæð kr. 650.000, samþykktan af Hreiðari, en útgefinn af Brandi. Víxillinn hafi átt að greiðast, þegar verðbréfin fengjust afhent úr sakadómi. Guðmundur Jón kvað Brand hafa tekið fram, að víxillinn mætti hann ekki undir nokkrum kringumstæðum sýna nokkrum.

Strax um kvöldið kveðst Guðmundur Jón hafa séð eftir viðskiptum þessum. Hafi hann því farið til Brands strax næsta morgun og viljað láta allt ganga til baka. Brandur hafi þá sagt, að það væri of seint.

Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður kom einnig fyrir sakadóm í tilefni af kæru Guðmundar Jóns. Hann kvaðst ekki þekkja Guðmund Jón Magnússon, en sagðist eitt sinn hafa hitt hann á skrifstofu sinni á Baldursgötu 12 með Hreiðari Svavarsyni. Hafi tilefnið verið það, að Hreiðar hafi sagst hafa hitt mann, sem ætti verðbréf, sem tekin hefðu verið við húsleitina hjá Margeiri skömmu áður. Hafi Hreiðar sagt manninn vilja losna við þessa pappíra. Hreiðar hafi svo orðað það við sig að verða ábyrgðarmaður fyrir Hreiðar á víxli að upphæð kr. 650.000. Hafi samist svo um með þeim, að Hreiðar kæmi á skrifstofu Brands út af ábyrgðinni. Hreiðar hafi þá sagt, að maðurinn vildi vera viðstaddur, en Brandur skrifaði upp á ábyrgðina.

Þegar Hreiðar og maðurinn komu á skrifstofu Brands, kveðst Brandur hafa verið upptekinn og hafi Hreiðar og maðurinn, sem reyndist vera Guðmundur Jón Magnússon, farið fram í eldhúsið. Brandur kveðst svo hafa skroppið inn til þeirra og gefið út víxilinn og framselt hann. Hann kveðst þá hafa séð, að Hreiðar og Guðmundur Jón voru með einhver plögg í höndunum og hafi hann þá séð, að eitt þeirra var yfirlýsing frá Margeiri, sem búið var að rita á framsal, en ekki undirrita það. Önnur afskipti segist Brandur ekki hafa haft af viðskiptum Hreiðars og Guðmundar Jóns. Maðurinn, þ. e. Guðmundur, hafi svo komið til sín í bíl u. þ. b. tveim dögum síðar, sagst sjá eftir viðskiptunum og viljað láta þau ganga til baka. Brandur kveðst þá hafa tjáð honum, að þessi viðskipti væru sér óviðkomandi, hann yrði að eiga þetta við Hreiðar.

Umboðsmaður skiptaráðandans í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar heldur því fram, að úrlausn máls þessa eigi ekki undir skiptaráðandann í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, heldur beri honum að afhenda verðmætin, sem deilt er um, til dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar og geti þá Hreiðar Svav-

arsson gert kröfu sína í dánarbú Guðmundar Jóns. Á þá staðhæfingu umboðsmannsins er ekki unnt að fallast. Unnsteinn Beck, skiptaráðandi í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, móttók bréf, dags. 16. apríl 1974, frá Jóni A. Ólafssyni sakadómara og verðbréf þau, er bréfi því fylgdu, sem fyrr segir, enda var bréfið stílað til hans. Ekki voru í bréfi þessu nein fyrirmæli til skiptaráðandans um að afhenda verðmætin eða hluta þeirra til dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar. Verðmætin voru á sínum tíma tekin úr vörslum Margeirs Jóns Magnússonar, og var því eðlilegt að ætla, að þeim væri nú skilað aftur til dánarbús hans. Hvaða hugur að öðru leiti lá að baki sendingunni, skiptir ekki máli í þessu sambandi.

Ljóst var frá upphafi, að ágreiningur var um það, hver væri réttur eigandi verðmætanna, og er því ekki unnt að afhenda þau úr dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar án formlegs úrskurðar um rétt yfir þeim. Breytir það engu þar um, að annar aðiljanna, sem nú krefst afhendingar verðmætanna, er skiptaráðandi f. h. dánarbús í opinberum skiptum.

Lögmaður dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar hefur og haldið því fram í máli þessu, að bera hefði átt undir yfirborgarfógetann í Reykjavík, hvort úrlausn þess ágreiningsefnis, sem hér er til úrskurðar, eigi undir skiptaráðandann í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar eða skiptaráðandann í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar.

Dánarbú Margeirs J. Magnússonar og dánarbú Guðmundar Jóns Magnússonar voru þegar undir opinberum skiptum, er hin umdeildu verðmæti bærust skiptaráðandanum Unnsteini Beck. Ágreiningur um það, til hvors dánarbúsins verðmætin skyldu renna, sætir dómsmálameðferð og var því ekki í verkahring yfirborgarfógetans, eins og á stóð, að skera úr þeim ágreiningi.

Því er og haldið fram af hálfu dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar, að framsal Guðmundar Jóns til Hreiðars á verðmætunum með áritun á geymslukvittanir Margeirs Jóns Magnússonar sé ógilt, þar sem Guðmundur Jón hafi verið beittur blekkingum og misneytingu. Kom þar til greina 7. gr. laga nr. 58 frá 1960.

Ekki hafi í máli þessu verið færðar sönnur á, að Guðmundur Jón Magnússon hafi verið beittur blekkingum eða misneytingu, sem eigi að valda ógildi framsals hans á verðmætum þeim, sem hér er um deilt.

Þá er komið að þeirri mótbáru umboðsmanns dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar, að Hreiðar eigi í öllu falli ekki tilkall

til sparisjóðsbókar nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands, útibúið í Kópavogi, þar sem móttökukvittun sú, sem hann byggir rétt sinn á, er um móttöku sparisjóðsbókar nr. 10061 við Sparisjóð Alþýðu og sé því dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar réttur eigandi sparisjóðsbókar nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands.

Ósannað er, að eignarréttur til handa Guðmundi Jóni Magnússyni hafi stofnast yfir sparisjóðsbók nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi. Þegar Guðmundur Jón Magnússon framseldi Hreiðari rétt sinn til sparisjóðsbókar nr. 10061 við Sparisjóð Alþýðu, var búið að hefja innstæðu þeirrar bókar, eins og fram kemur af dskj. nr. 18, og eyðileggja hana, og verður því að telja, að það hafi einungis verið framsal á almennri kröfu. Hafnað er því þeirri kröfu aðilja, að sparisjóðsbók nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands afhendist úr dánarbúi Margeirs J. Magnússonar utan skuldaraðar.

Umboðsmaður dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar hefur að sumu rökstutt aðalkröfu sína með því, að Hreiðar Svavarsson eigi ógreiddan 650.000 kr. víxil þann, sem minnst er á hér að framan, og varakrafa hans er á þá leið, að því aðeins verði réttarkröfum Hreiðars sinnt, að hann greiði víxil þennan.

Greiðsla víxils þessa er skiptaréttarmáli þessu óviðkomandi og utan úrskurðarvalds skiptaréttarins. Verður henni því ekki sinnt.

Málskostnaður til handa Hreiðari Svavarssyni þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000, sem greiðast úr dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar.

Úrskurð þennan kvað upp Snjólaug Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgarfégeta.

Því úrskurðast:

Hreiðari Svavarssyni afhendist úr dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar sparisjóðsbók nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands. Dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar greiði Hreiðari Svavarssyni kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.